

ROSTUNGUR

Rostungar eru risavaxin spendýr sem eiga heimkynni á rekisbreiðum við strendur Norður-Íshafsins. Áður fyrr var séríslenskur rostungastofn við Ísland en í dag eru þeir mjög sjaldgæfir hér, þó að stöku flækingar sjáist einstaka sinnum hér og þar við strendur landsins. Rostungar eru ljósbrúnleitir með þykka, hrukkótta húð, stutt gróf hár og gríðarstórar höggtennur sem þeir nota til að marka sér stöðu innan hópsins og sem vopn ef þeir þurfa. Aðalfæða rostunga eru botnhryggleysingjar, eins og skeljar, skrápdýr og krabbadýr.

www.frodleiksbrunnur.is

